

7. gr.

Styrk eða viðurkenningu úr sjóðnum skal ekki veita fyrr en höfuðstóll hans hefur náð 500 þús. krónum og þá ekki hærrí fjárhæð en nemur 75% af vaxtatekjum.

Eftir að höfuðstóll sjóðsins hefur náð 1 millj. kr. er heimilt að verja öllum árs vaxtatekjum hans til styrks eða viðurkenningar, ef ástæða þykir til.

Styrk eða viðurkenningu skal veita á fæðingardegi Gyðu Maríasdóttur 17. júní. Þó skal úthlutun fara fram úr sjóðnum 24. sept. 1998, en þá eru 100 ár liðin frá fæðingu Jóns G. Maríassonar, fyrrum bankastjóra, en frá honum er kominn meginhluti höfuðstóls sjóðsins eins og hann er í dag.

Sjóðstjórn skal auglýsa eftir umsækjendum um styrk úr sjóðnum í blaði eða blöðum, sem gefin eru út á Ísafirði.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari má breyta með samþykki skólanefndar Húsmæðraskólans Ósk og sjóðstjórnar.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og skal skipulagsskráin birt í B-deild Stjórnartíðinda.

13. febrúar 1981.

Nr. 338.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnavetninga, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 13. febrúar 1981.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Framfara- og menningarsjóð Húnavetninga.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Framfara- og menningarsjóður Húnavetninga. Heimili hans og starfssvið skal vera innan Austur-Húnavatnssýslu.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af hjónunum Sigurlaugu Guðlaugsdóttur og Guðmundi Jónassyni, búendum að Ási í Vatnsdal, til minningar um foreldra þeirra, en þau voru: Arnbjörg Þorsteinsdóttir og Guðlaugur Guðmundsson á Sæunnarstöðum í Hallárdal, og Jóhanna Jóhannsdóttir og Jónas Jóhannsson á Litla-Búrfelli, Svínavatnshreppi.

3. gr.

Stofnfé sjóðsins er framlag þeirra Áshjóna, krónur 2 millj. — tvær milljónir króna —.

4. gr.

Sjóðurinn veitir minningargjöfum viðtöku, svo og öðrum gjöfum, sem leggjast við höfuðstól. Fastar tekjur sjóðsins eru vextir af höfuðstól.

5. gr.

Sjóðurinn skal vera í vörslu Kaupfélags Húnvetninga og ávaxtaður hjá samvinnufélögunum í Austur-Húnavatnssýslu eða útibúi Búnaðarbanka Íslands á Blönduósi.

6. gr.

Tilgangur sjóðsins er að vera til styrktar hverskonar framfara og menningarmálum innan Austur-Húnavatnssýslu, einnig líknarmála, svo sem fjárstuðning við fötluð börn, þar sem opinberir styrkir ekki nægja. Allt eftir ákvörðun stjórnar hverju sinni. Byrjunarverkefni sjóðsins skal vera, að styrkja áframhald útgáfu ritverksins „Húnþing“. Aldrei má úthluta meiru árlega en vöxtum af sjóðnum.

7. gr.

Stjórn sjóðsins skipa formenn eftirtalinna félagasamtaka: Kaupfélag Húnvetninga, Búnaðarsamband Austur-Húnvetninga og Ungmennasamband Austur-Húnvetninga.

Stjórnin skiptir sjálf með sér verkum.

8. gr.

Stjórn sjóðsins heldur gjörðabók fyrir sjóðinn. Í hana færir hún meðal annars, skipulagsskrá þessa. Einnig árlega reikninga sjóðsins og hverjum styrkur er veittur hverju sinni.

9. gr.

Reikningar sjóðsins skulu endurskoðaðir af endurskoðendum Kaupfélags Húnvetninga.

10. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.